

M-44/2010 Álit 27. apríl 2010

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 27. apríl 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-44/2010:

I

Hinn 25. mars sl. barst kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa bréf frá X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, þar sem hann fjallar um tölvuorðabókina Y ... útgáfu. Hinn 29. mars sl. ritaði kæruneftndin X svohljóðandi bréf:

„Hinn 25. þ.m. móttók kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa bréf þitt í formi álitsbeiðni. Í bréfinu er greint frá því að Y, útgáfa .., hafi reynst þér „afar ónotendavæn“ og óskar þú eftir því að þér verði send ný útgáfa þegar hún verði tilbúin. Ekki verður séð að þú gerir kröfu um að þú fái nýju útgáfuna ókeypis eða gerir aðrar kröfur á hendur seljanda tölvuorðabókarinnar eða einhver sérstakur ágreiningur sé á milli þín og seljanda bókarinnar Z.

Til þess að kæruneftndin taki mál til meðferðar verður álitsbeiðandi að lýsa því að hann hafi kvartað vegna viðskipta sem fara eftir lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup eða lögum nr. 48/2003 um neytendakaup og einnig að lýsa því í hverju ágreiningur við seljanda er fólgin. Þá ber álitsbeiðanda einnig að lýsa þeim kröfum sem hann gerir á hendur seljanda og rökstyðja þær og einnig að senda nefndinni öll sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áður en nefndin ákveður hver skuli vera viðbrögð hennar við bréfi þínu gefur hún þér með kost á því að koma á framfæri við hana beiðni um álit sem fullnægir þeim skilyrðum sem lýst er hér að framan. Berist engar skýringar máttu búast við því að nefndin vísi beiðninni frá sér.

Frestur til að gefa nefndinni framangreindar skýringar er til mánudagsins 12. apríl nk.“

Kæruneftndinni hefur ekki borist neitt svar við framangreindu bréfi. Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir eftirfarandi:

„Nefndin tekur afstöðu til þess hvort ágreiningur aðila heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa málinu frá. Nefndin getur á öllum stigum málsmeðferðar ákveðið að vísa máli frá skv. þessari málsgrein.“

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa álitur að bréf það sem henni barst frá X 25. mars sl. sé þess eðlis að ágreiningsefni, ef eitthvert er, sé það óljóst að hún geti engan veginn tekið efnislega afstöðu til þess. Ber því með vísan til 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 að vísa erindi X frá nefndinni.

II
Álitsorð

Erindi, X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir